



Reykjavík 10. september 2015

Til sveitarfélaga og landshlutasamtaka

Fundir sveitarstjórna með fjárlaganefnd Alþingis haustið 2015

Fjárlaganefnd Alþingis býður fulltrúum sveitarfélaga og/eða landshlutasamtaka þeirra til viðtals um fjármál sveitarfélaga í tengslum við vinnu nefndarinnar vegna fjárlagafrumvarps fyrir árið 2016. Fundardagar eru áætlaðir fyrir hádegi 23. september, 5., 7. og 9. október. Auk þess er gert ráð fyrir fjarfundum eftir hádegi 9. október. Mælt er með því að sveitarfélögin nýti sér fjarfundarfyrirkomulag. Hverjum fundi eru ætlaðar 15 til 20 mínútur.

Óskað er eftir því að sveitarfélögin leggi áherslu á málefni sem varða fjármálasamskipti ríkis og sveitarfélaga, verkaskiptingu þeirra á milli, skuldastöðu og fjárhagsafkomu sveitarfélaga, svo og önnur mál sem tengjast málefnasviði nefndarinnar.

Fulltrúar sveitarfélaga sem óska eftir fundi eru beðnir um að hafa samband við starfskonu fjárlaganefndar, Aðalbjörgu Rós Óskarsdóttur, í síma 5630415 eða með tölvupósti á netfangið aro@althingi.is eins fljótt og verða má.

F.h. fjárlaganefndar Alþingis



Vigdís Hauksdóttir formaður

FJÁRLAGANEFND